

Aðalfundur Stéttarfélagsbókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) 26. apríl 2011, hvarmar viðtækan niðurskurð mannaúðs og fjármagns í bókasöfnum landsins. Félagar SBU eru ekki hálaunafólk og hefur engar launahækkanir fengið í 2 ár. Undir formerkjum hagræðingar og aðhalds er störfum og starfshlutföllum þeirra nú sagt upp, afgreiðslutími bókasafna stytur með tilheyrandi kjaraskerðingu starfsmanna og aðgengi viðskiptavina, fé til efniskaupa stórlega niðurskorið svo til þjónustuvandræða horfir og fagmennska og virði háskólamenntunar á þessu sviði fótum troðin. Krafa dagsins er meira fyrir minna. Starfsemi og mikilvægu hlutverki skólabókasafna sem hornsteina í skólastarfi er stefnt í voða. Á tímum aukinnar aðsóknar og þjónustueftirspurnar er rekstarfé bókasafna minnkað og viðskiptavinir stórir sem smáir koma æ oftar að lokuðum dyrum. Á viðsjárverðum tímum er aðhalds vissulega þörf, en hvað varðar starfsemi og störf í bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum er þegar of langt gengið.